

AFKOMA FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGS 2014 ER Í SAMRÆMI VIÐ VÆNTINGAR FÉLAGSINS

- Rekstrartekjur námu 104,2 milljónum evra og lækkuðu um 1,1 milljón evra á milli ára
- EBITDA nam 6,0 milljónum evra og dróst saman um 1,2 milljónir evra frá sama tímabili 2013, vegna nýja siglingakerfisins og óhagstæðra veðurskilyrða í janúar og febrúar
- Flutningsmagn í áætlunarsiglingum á Norður-Atlantshafi jókst um 11,1% á milli ára
- Flutningsmagn í frystiflutningsmiðlun jókst um 13,4% á milli ára
- Eiginfjárhlutfall var 64,2% í lok mars
- Áætluð EBITDA fyrir árið 2014 er áfram óbreytt, á bilinu 37 til 41 milljón evra

Fjárhæðir í þúsundum evra

Rekstrarreikningur	Q1 2014	Q1 2013	Breyting	%	12M 2013
Rekstrartekjur	104.200	105.313	(1.113)	(1,1%)	433.824
Rekstrargjöld	98.182	98.096	86	0,1%	396.770
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir - EBITDA	6.018	7.217	(1.199)	(16,6%)	37.054
Afskriftir	(5.656)	(5.134)	(522)	(10,2%)	(21.143)
Rekstrarhagnaður - EBIT	362	2.083	(1.721)	(82,6%)	15.911
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	(856)	949	(1.805)	-	(3.234)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags	(27)	0	(27)	-	2
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	(521)	3.032	(3.553)	-	12.679
Tekjuskattur	(272)	(500)	228	(45,6%)	(1.862)
Hagnaður (tap) tímabilsins	(793)	2.532	(3.325)	-	10.817
Tekjubreyting	(1,1%)	9,4%			2,4%
EBITDA / rekstrartekjur	5,8%	6,9%			8,5%
EBIT / rekstrartekjur	0,3%	2,0%			3,7%
Nettóskuldir / LTM EBITDA	0,85	0,77			0,89
Efnahagsreikningur	31.03.2014	31.03.2013	Breyting	%	31.12.2013
Eignir	314.772	307.193	7.579	2,5%	314.365
Fastafjármunir	213.683	213.135	548	0,3%	216.096
Veltufjármunir	101.089	94.058	7.031	7,5%	98.269
Eigið fé	202.124	202.219	(95)	(0,0%)	205.771
Skuldir	112.648	104.974	7.674	7,3%	108.594
Vaxtaberandi skuldir	57.990	55.575	2.415	4,3%	59.398
Nettóskuldir	30.503	31.598	(1.095)	(3,5%)	33.028
Efnislegar eignir / heildareignir	93,6%	93,5%			93,5%
Eiginfjárhlutfall	64,2%	65,8%			65,5%
Sjóðstreymi	Q1 2014	Q1 2013	Breyting	%	12M 2013
Handbært fé frá (til) rekstri	5.697	(2.357)	8.054	-	20.537
Fjárfestingarhreyfingar	(2.824)	(8.045)	5.221	64,9%	(26.601)
Fjármögnunarhreyfingar	(1.844)	(2.478)	634	25,6%	(3.558)
Breyting á handbæru fé	1.029	(12.880)	13.909	-	(9.622)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	88	(447)	535	-	(1.312)
Handbært fé í lok tímabils	27.487	23.977	3.510	14,6%	26.370

GYLFI SIGFÚSSON, FORSTJÓRI

„Afkoma á fyrsta ársfjórðungi er í samræmi við okkar væntingar og er ánægjulegt að sjá að flutningsmagn í kerfum félagsins er að aukast. Flutningsmagn í áætlunarsiglingum jókst um 11,1% frá fyrsta ársfjórðungi í fyrra, en aukning var á öllum markaðssvæðum nema í útflutningi frá Íslandi vegna lélegrar loðnuvertíðar. Innflutningur til Íslands hefur aukist og erum við að sjá aukningu í vöruflokkum eins og bifreiðum og byggingavörum sem hafa staðið í stað á undanförunum árum. Magn í frystiflutningsmiðlun jókst um 13,4% samanborið við sama tímabil 2013, einkum vegna aukinna flutninga frá Evrópu til Asíu, en tekjur lækkuðu vegna lækkandi verða á tilteknum mörkuðum. Rekstrartekjur félagsins námu 104,2 milljónum evra og drógust saman um 1,1% á milli ára, en lækkunin endurspeglar lægri tekjur af flutningsmiðlun. Verkfallsaðgerðir undirmanna á Herjólfri höfðu einnig neikvæð áhrif á tekjur tímabilsins vegna ferða sem féllu niður. Þá var minna um sölu rekstrarfjármuna á fyrsta ársfjórðungi þessa árs samanborið við fyrra ár, auk þess sem félagið losaði sig í fyrra við sérhæfða gáma sem ekki voru lengur not fyrir.

EBITDA nam 6,0 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi samanborið við 7,2 milljónir evra á sama tímabili 2013. Fyrsti ársfjórðungur hjá Eimskip er sá ársfjórðungur sem að jafnaði skilar lægstri rekstrarafkomu. Nokkrir veigamiklir þættir höfðu áhrif á afkomu fyrsta ársfjórðungs 2014 í samanburði við fyrra ár.

Óhagstæð veðurskilyrði í janúar og febrúar höfðu þau áhrif að viðkomuáætlanir skipanna fóru úr skorðum og leiddi það til aukinnar olíuotkunar og kostnaðar vegna yfirvinnu. Undir lok mars 2013 jók félagið við afkastagetu í gámasiglingum með því að bæta við einu skipi, en aukinn kostnaður vegna breytingarinnar var óverulegur fyrsta ársfjórðungi síðasta árs. Ánægjulegt er að sjá að þessi aukna afkastageta styður við aukningu í flutningsmagni á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Loks hefur samdráttur í útflutningi á loðnu á sama tíma og innflutningur hefur aukist valdið ójafnvægi í flutningakerfinu með auknum kostnaði vegna tilfærslu á tónum gámum.

Óvissa er á vinnumarkaði á Íslandi eins og félagið hefur reynslu af við rekstur Herjólfis á árinu. Enn eru nokkrir veigamiklir samningar lausir hjá félaginu, svo sem við Sjómannafélag Íslands.

Gert er ráð fyrir að fyrra skipið af gámaskipunum tveimur sem félagið er með í smíðum í Kína verði afhent nú í júní. Mun skipið fá nafnið Lagarfoss og kemur til með að sinna þjónustu á gulu leiðinni. Nýja skipið mun leysa af hólmi eitt af núverandi skipum félagsins. Ekki hefur verið samið um endanlegan afhendingardag á seinna skipinu, en við gerum ekki ráð fyrir því að það verði afhent fyrr en á árinu 2015. Seinkunin mun ekki hafa áhrif á siglingakerfið eða þjónustu við viðskiptavinum Eimskips.

Eimskip heldur áfram að meta tækifæri til ytri vaxtar til að styrkja núverandi stöðu sína á mörkuðum utan Íslands, tækifæri sem falla að stefnu félagsins um að vera leiðandi flutningafélag á Norður-Atlantshafi. Áfram er unnið að því að skoða tvíhliða skráningu félagsins í tengslum við þessi mögulegu fjárfestingarverkefni.

Það er jákvætt að sjá að innflutningur til Íslands er að vaxa og eru það jákvæð merki um að land sé að rísa. Við gerum ráð fyrir að sjá útflutning aukast á komandi mánuðum með tilkomu veiða á makríl í lögsögu Grænlands, Íslands, Færeyja og Noregs.

Við höldum afkomuspá okkar fyrir árið óbreyttri og gerum ráð fyrir að EBITDA ársins 2014 verði áfram á bilinu 37 til 41 milljón evra. Þróun flutninga á Norður-Atlantshafi í apríl og fyrstu tvær vikur í maí lofar góðu og virðist vera í takt við vöxtinn á fyrsta ársfjórðungi.”

REKSTUR FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGS

Rekstrartekjur fyrsta ársfjórðungs námu 104,2 milljónum evra samanborið við 105,3 milljónir evra á sama tímabili 2013 og drógust saman um 1,1% á milli ára. Talsverður vöxtur var í flutningum félagsins á milli ára, bæði í áætlunarsiglingum og frystiflutningsmiðlun. Tekjur af áætlunarsiglingum á fyrsta ársfjórðungi námu 76,8 milljónum evra og jukust um 2,8% á milli ára. Nam heildaraukningin í magni í áætlunarsiglingum félagsins 11,1% á milli ára. Tekjur af flutningsmiðlun námu 27,4 milljónum evra og drógust saman um 10,5% frá fyrsta ársfjórðungi 2013. Magn í frystiflutningsmiðlun jókst um 13,4% á

milli ára, einkum vegna aukinna flutninga frá Evrópu til Asíu. Verðsveiflur á alþjóðlegum flutningamörkuðum hafa áhrif á tekjur félagsins, en verð á tilteknum mörkuðum hafa sem af er þessu ári farið lækkandi í samanburði við sama tímabil í fyrra.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA, nam 6,0 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi samanborið við 7,2 milljónir evra á sama tímabili 2013 og dróst saman um 16,6%. EBITDA hlutfall var 5,8% samanborið við 6,9% EBITDA hlutfall á fyrsta ársfjórðungi 2013.

Nokkrir mikilvægir þættir höfðu áhrif á afkomu þessa fyrsta ársfjórðungs samanborið við síðasta ár. Innflutningur til Íslands jókst, en þar var einkum um að ræða aukinn innflutning á bifreiðum og byggingavörum eftir ákveðna stöðnun undanfarin ár. Einnig var vöxtur í starfseminni í Færeyjum, Noregi og í flutningum á milli Evrópu og Norður-Ameríku. Útflutningur frá Íslandi dróst hins vegar saman á fjórðungnum samanborið við sama tíma í fyrra, einkum vegna lélegrar loðnuvertíðar. Þá höfðu verkfallsaðgerðir undirmanna á Herjólfu í neikvæð áhrif á tekjur. Minna var selt af rekstrarfjármunum á fjórðungnum samanborið við fyrra ár, auk þess sem félagið losaði sig í fyrra við sérhæfða gáma sem ekki voru lengur not fyrir. Þróun flutningaverðs og samsetning magns á erlendum mörkuðum höfðu neikvæð áhrif á tekjur. Óhagstæð veðurskilyrði fyrstu tvo mánuði ársins leiddu til seinkana á skipum, en slíkar seinkanir valda auknum olíukostnaði og launakostnaði vegna yfirvinnu. Í mars 2013 jók félagið við afkastagetu með því að bæta við einu skipi og jók það kostnað við rekstur siglingakerfisins. Þrátt fyrir að innflutningur til Íslands sé að aukast þá veldur samdráttur í útflutningi frá Íslandi ójafnvægi í kerfinu og eykur kostnað vegna tilfærslu á tónum gámum. Þegar bornir eru saman fyrsti ársfjórðungur 2013 og 2014 verður að hafa í huga að þær miklu breytingar sem félagið gerði á siglingakerfinu og afkastagetu undir lok mars 2013 höfðu óveruleg áhrif á fyrsta ársfjórðung 2013.

Afskriftir tímabilsins námu 5,7 milljónum evra en voru 5,1 milljón evra á fyrsta ársfjórðungi 2013. Hækkun afskrifta stafar af endurnýjun á gámum og reglubundnu viðhaldi og endurbótum skipa.

Rekstrarhagnaður, EBIT, nam 0,4 milljónum evra samanborið við 2,1 milljónar evra rekstrarhagnað á fyrsta ársfjórðungi 2013. EBIT hlutfallið nam 0,3% samanborið við 2,0% á sama tímabili í fyrra.

Nettó fjármagnsgjöld námu 0,9 milljónum evra á fjórðungnum samanborið við 0,9 milljóna evra nettó fjármunatekjur á fyrsta ársfjórðungi síðasta árs. Skýrist breytingin einkum af 0,2 milljóna evra gengistapi í ár samanborið við 1,3 milljóna evra gengishagnað á fyrsta ársfjórðungi í fyrra.

Tap fyrir tekjuskatt nam 0,5 milljónum evra á fjórðungnum samanborið við 3,0 milljóna evra hagnað á fyrsta ársfjórðungi 2013.


Gjaldfærðir skattar námu 0,3 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi samanborið við 0,5 milljónir evra á sama tímabili 2013. Virkt skatthlutfall hækkar þar sem skattalegt tap hjá einu af dótturfélögum Eimskips er ekki eignfært.

Tap fjórðungsins eftir skatta nam 0,8 milljónum evra á samanborið við 2,5 milljóna evra hagnað á sama tímabili í fyrra.

Rekstur félagsins hefur verið stöðugur undanfarin ár eins og sjá má á eftirfarandi myndum, en þær sýna hvernig rekstrartekjur og rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA, skiptast á ársfjórðunga á árunum 2010 til 2014.

Á myndunum hafa rekstrartekjur og EBITDA verið leiðrétt fyrir einskriptisliðum á árunum 2011 og 2012. Rekstrartekjur og EBITDA á fyrsta ársfjórðungi 2011 hafa verið lækkaðar um 6,4 milljónir evra vegna innheimtu á áður afskrifaðri kröfu. EBITDA hefur hins vegar verið hækkuð um 0,7 milljónir evra á öðrum ársfjórðungi 2011 vegna strands Goðafoss og um 0,7 milljónir evra á þriðja ársfjórðungi 2012 vegna kostnaðar við skráningu félagsins. Að lokum var EBITDA á fjórða ársfjórðungi 2012 hækkuð um alls 3,9 milljónir evra, þar af um 1,0 milljón evra vegna skráningar félagsins og um 2,9 milljónir evra vegna kostnaðar vegna kauprétta sem fallið var frá.

Í milljónum evra



Miklar breytingar voru gerðar á siglingakerfi félagsins í mars 2013 sem jók afkastagetu þess og í febrúar 2014 var ráðist í aðlögun á kerfinu meðal annars vegna þess að slæm veðurskilyrði til siglinga settu áætlunarkerfið úr skorðum. Bætt var við nýrri siglingaleið, gráu leiðinni, á milli Færeyja og Skotlands til að auka sveigjanleika kerfisins og áreiðanleika þjónustunnar við viðskiptavini.

Félagið er nú með 16 skip í rekstri, þar af ellefu eigin skip og fimm leiguskip. Tólf skipanna eru í áætlunarsiglingum, tvö eru í "spot" þjónustu, eitt er í stórflutningum og eitt er ferja.

EFNAHAGUR

- Heildareignir í lok mars námu 314,8 milljónum evra
- Eiginfjárlutfall var 64,2%
- Vaxtaberandi skuldir námu 58,0 milljónum evra
- Nettóskuldir námu 30,5 milljónum evra

Heildareignir Eimskips námu 314,8 milljónum evra þann 31. mars 2014. Til samanburðar námu heildareignir 314,4 milljónum evra í árslok 2013.

Fastafjármunir námu 213,7 milljónum evra í lok mars samanborið við 216,1 milljónir evra í árslok 2013. Nettó fjárfestingar í rekstrarfjármunum námu 3,2 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi.

Veltufjármunir félagsins námu 101,1 milljón evra í lok mars samanborið við 98,3 milljónir evra í lok mars 2013. Handbært fé nam 27,5 milljónum evra í lok fyrsta ársfjórðungs samanborið við 26,4 milljónir evra á sama tíma 2013.

Eigið fé nam 202,1 milljón evra í lok fyrsta ársfjórðungs og var eiginfjárlutfallið 64,2%. Til samanburðar var eigið fé 205,8 milljónir evra í lok árs 2013 og eiginfjárlutfallið 65,5%. Aðalfundur félagsins í lok mars samþykkti arðgreiðslu í apríl að fjárhæð 485,3 milljónir króna, eða 3,1 milljón evra, sem lækkar eigið fé og hækkar skammtímaskuldir í lok fjórðungsins.

Vaxtaberandi skuldir námu 58,0 milljónum evra í lok mars samanborið við 59,4 milljónir evra í árslok 2013.

Nettóskuldir námu 30,5 milljónum evra í lok fjórðungsins samanborið við 33,0 milljónir evra í árslok 2013 og stafar breytingin af því að handbært fé jókst um 1,1 milljón evra og skuldir lækkuðu um 1,4 milljónir evra.

SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

- **Handbært fé frá rekstri nam 5,7 milljónum evra**
- **Nettó fjárfestingarhreyfingar námu 2,8 milljónum evra**
- **Handbært fé var 27,5 milljónir evra í lok mars**

Handbært fé frá rekstri nam 5,7 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi samanborið við 2,3 milljóna evra handbært fé til rekstrar á sama tímabili 2013. Breytingin á milli ára skýrist einkum af breytingum á rekstartengdum eignum og skuldum, en í lok árs 2012 skuldaði félagið fjárfestingu í gámum að fjárhæð 4,0 milljónir evra sem hafði áhrif á breytingu á rekstartengdum eignum og skuldum á fyrsta ársfjórðungi 2013.

Nettó fjárfestingarhreyfingar námu 2,8 milljónum evra á fjórðungnum samanborið við 8,0 milljóna evra nettó fjárfestingarhreyfingar á sama tímabili 2013. Heildarfjárfestingar í rekstrarfjármunum námu 3,3 milljónum evra á tímabilinu. Til samanburðar námu heildarfjárfestingar 8,6 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi 2013 en fjárfestingar í skipum námu þá 5,6 milljónum samanborið við nánast engar fjárfestingar í skipum í smíðum á þessu ári.

Nettó fjármögnunarhreyfingar námu 1,8 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi samanborið við 2,5 milljónir evra á sama tímabili 2013.

Sjóðsflæði var jákvætt um 1,0 milljón evra samanborið við neikvætt sjóðsflæði að fjárhæð 12,9 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi 2013. Handbært fé í lok mars 2014 nam 27,5 milljónum evra samanborið við 24,0 milljóna evra handbært fé í lok mars 2013.

ÁÆTLUÐ AFKOMA ÁRSINS 2014

Áætluð afkoma ársins 2014 er óbreytt frá því sem kynnt var með ársuppgjöri Eimskips fyrir árið 2013 þann 27. febrúar 2014, eða EBITDA á bilinu 37 til 41 milljón evra. Áætlunin felur ekki í sér væntingar um ytri vöxt.

HLUTHAFAR

- **Verð hlutabréfa í Eimskip hefur hækkað um 15,9% frá skráningu félagsins**
- **Markaðsvirði félagsins var 45,0 milljarðar króna þann 21. maí 2014**

Viðskipti með bréf Eimskips hófust á NASDAQ OMX Iceland þann 16. nóvember 2012. Útboðsgengi var 208,00 kr. á hlut og var lokaverð í árslok 2012 230,00 kr. á hlut. Á árinu 2013 fór lokaverð hæst í 281,00 kr. á hlut og lægst í 221,00 kr. á hlut og var meðaltalslokaverð ársins 255,05 á hlut. Lokaverð á hlut í árslok 2013 var 262,00 kr.

Sem af er þessu ári hefur lokaverð lægst farið í 226,00 kr. á hlut og hæst í 268,50 kr. á hlut og var meðaltalslokaverð tímabilsins 245,23 kr. á hlut. Lokaverð þann 21. maí 2014 var 241,00 kr. á hlut sem jafngildir 15,9% hækkun frá útboðsgengi við skráningu félagsins. Markaðsvirði félagsins þann 21. maí 2014 var 45,0 milljarðar króna sem jafngilda 291,4 milljónum evra.

Fjöldi útgefna hluta er 200.000.000 og er fjöldi útistandandi hluta 186.639.230. Fjöldi hluthafa þann 21. maí 2014 var 1.141.

LYKILSTÆRÐIR ÁRSFJÓRÐUNGA

Fjárhæðir í þúsundum evra

Rekstrarreikningur	Q1 2014	Q4 2013	Q3 2013	Q2 2013	Q1 2013
Rekstrartekjur	104.200	106.875	113.524	108.112	105.313
Rekstrargjöld	98.182	98.996	101.405	98.273	98.096
EBITDA	6.018	7.879	12.119	9.839	7.217
EBIT	362	2.392	6.625	4.811	2.083
Hagnaður (tap) tímabilsins	(793)	1.168	5.079	2.038	2.532
EBITDA / rekstrartekjur	5,8%	7,4%	10,7%	9,1%	6,9%
EBIT / rekstrartekjur	0,3%	2,2%	5,8%	4,5%	2,0%
Efnahagsreikningur	31.03.2014	31.12.2013	30.09.2013	30.06.2013	31.03.2013
Eignir	314.772	314.365	321.099	314.051	307.193
Eigið fé	202.124	205.771	205.077	200.656	202.219
Skuldir	112.648	108.594	116.022	113.395	104.974
Vaxtaberandi skuldir	57.990	59.398	60.540	60.549	55.575
Nettóskuldir	30.503	33.028	33.864	33.087	31.598
Eiginfjárhlutfall	64,2%	65,5%	63,9%	63,9%	65,8%
Sjóðstreymi	Q1 2014	Q4 2013	Q3 2013	Q2 2013	Q1 2013
Handbært frá (til) rekstri	5.697	7.172	7.420	8.226	(2.281)
Fjárfestingarhreyfingar	(2.824)	(4.980)	(7.090)	(6.486)	(8.045)
Fjármögnunarhreyfingar	(1.844)	(2.049)	(956)	2.001	(2.554)
Handbært fé í lok tímabils	27.487	26.370	26.676	27.462	23.977

UM EIMSKIP

Eimskip rekur 51 starfsstöð í 19 löndum og er með 16 skip í rekstri. Félagið hefur á að skipa um 1.400 starfsmönnum, þar af 800 á Íslandi. Um helmingur tekna félagsins kemur frá starfsemi utan Íslands. Stefna félagsins er að veita framúrskarandi flutningaþjónustu á Norður-Atlantshafi ásamt því að bjóða víðtæka og öfluga þjónustu í alþjóðlegri frystiflutningsmiðlun.

KYNNINGARFUNDUR 23. MAÍ 2014

Kynningarfundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila verður haldinn föstudaginn 23. maí 2014 í höfuðstöðvum félagsins að Korngörðum 2 í Reykjavík og hefst hann kl. 8:30. Gylfi Sigfússon, forstjóri, og Hilmar Pétur Valgarðsson, framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarviðs, munu kynna uppgjör félagsins fyrir ársfjórðung 2014. Hægt verður að nálgast kynningarefni fundarins að honum loknum á fjárfestasiðu félagsins, www.eimskip.is/investors, og í fréttakerfi NASDAQ OMX Nordic.

SAMÞYKKI STJÓRNAR

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf. samþykkti árshlutareikning samstæðu Eimskips fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2014 á stjórnarfundi þann 22. maí 2014.

FJÁRHAGSDAGATAL

- Uppgjör annars ársfjórðungs 2014 verður birt 28. ágúst 2014
- Uppgjör þriðja ársfjórðungs 2014 verður birt 20. nóvember 2014
- Uppgjör fjórða ársfjórðungs 2014 verður birt 26. febrúar 2015
- Aðalfundur verður haldinn 26. mars 2015

FREKARI UPPLÝSINGAR

- Gylfi Sigfússon, forstjóri, sími: 525 7202
- Hilmar Pétur Valgarðsson, framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarsviðs, sími: 525 7202
- Erna Eiríksdóttir, forstöðumaður fjárfestatengsla, sími: 825 7220, netfang: investors@eimskip.is

TIL ATHUGUNAR FYRIR FJÁRFESTA

Eimskip vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.